

46

14. apríl

L Ö G

um frestun á framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæmd laga nr. 60 7. maí 1940, um síldartunnur, skal frestað þangað til lokið er styrjöld þeirri, er nú geisar, og eðlileg viðskipti geta aftur hafizt landa milli.

Ríkisstjórnin ákveður, hvenær lög in skuli koma til framkvæmda af nýju og birtir um það auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

47

14. apríl

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til ákvörðunar um samflot íslenzkra skipa milli Íslands og Stóra-Bretlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að íslenzk skip eða önnur skip, leigð eða gerð út af íslenzkum mönnum eða fyrirtækjum, er sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands, skuli sigla tvö saman eða fleiri báðar leiðir.

Nánari fyrirmæli um þetta efni skal setja í reglugerð.

2. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, má veita undanþágu frá ákvæðum 1. gr. eftir því og með þeim hætti, er mælt verður í reglugerð, enda sé fyrir því séð, að hægt verði að afgreiða beiðnir um undanþágu án tafar á hverri útflutningshöfn.

3. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða reglugerðar varða sektum frá 1000—5000 króna, enda liggja ekki þyngri refsing við að öðrum lögum. Ítrekað brot getur og varðað missi réttar til skipstjórnar allt að 6 mánuði.